

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Jón Aðalsteinn Þorgeirsson
klarineti

Sigurður Halldórsson
selló

Örn Magnússon
píanó

Jón Aðalsteinn Þorgeirsson klarinettleikari hlaut sína fyrstu tilsögn í hljóðfæraleik hjá Agli Jónssyni klarinettleikara. Síðar stundaði hann nám við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar undir handleiðslu Sigurðar I. Snorrasonar og brautskráðist þaðan vorið 1978. Sama ár fór hann í framhaldsnám við Tónlistarskólann í Vínarborg hjá prófessor Horst Hajek og prófessor Alfred Prinz og lauk burtfararprófi úr einleikaradeild skólans árið 1985. Jón Aðalsteinn hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku hljómsveitinni og ýmsum kammerhópum. Hann hefur leikið einleik með Wiener Hochschul-orchester, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna og Sinfóníuhljómsveit æskunnar.

Sigurður Halldórsson nam sellóleik í Reykjavík og London. Frá árinu 1990 hefur hann starfað sem sellóleikari og kennari hér heima. Hann hefur verið fastur sellóleikari í Caput frá upphafi og leikur einnig með Camerartica og syngur með Voces Thules. Nýlega flutti hann á vegum Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs ásamt píanóleikaranum Daníel Þorsteinssyni öll verk Beethovens fyrir selló og píanó. Einnig hefur hann gefið út hljómdisk með tónlist frá 20. öldinni.

Örn Magnússon píanóleikari lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólannum á Akureyri 1979 og stundaði framhaldsnám í Manchester, Berlín og London til 1986. Helstu kennarar hans þar voru: George Hadjinikos, Irina Pavlovna Möwius, Alfred Kitchin og Louis Kentner. Frá árinu 1986 hefur Örn verið búsettur í Reykjavík. Hann hefur á undanförunum árum helgað sig íslenskri tónlist og hefur komið fram á fjölda tónleika og leikið inn á geislaplötur bæði sem einleikari og í kammertónlist. Örn hefur farið í tónleikaferðir um Japan og hefur leikið á tónleikum á Norðurlöndunum, í Bretlandi og á meginlandi Evrópu.

Efnisskrá

Ludwig van Beethoven 1770 - 1827	Trio Op. 11 Allegro con brio Adagio Stef og tilbrigði við ariuna <i>Pria ch'io l'impegno</i> eftir Weigel
-------------------------------------	---

Þorkell Sigurbjörnsson f. 1938	Sex íslensk þjóðlög 1. Guði sé lof fyrir ljósið glatt 2. Eljukvæði 3. Grátandi kem ég, Guð minn, til þín 4. Nú skal seggjum segja . . . 5. Kærust hlýðið, kristnir á 6. Forðum tíð einn brjótur brands
-----------------------------------	--

stutt hlé

Johannes Brahms 1833 - 1897	Trio Op. 114 Allegro Adagio Andantino grazioso Allegro
--------------------------------	--